Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

# S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 1 2.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1912.

S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

| | | |
|---|---|---|
| Eldiviður | 153 hestburðir | |
| Birgðir f. f. ári | 377 1/2 " | 53o 1/2 hestb. |
| Selt á árinu | 134 " | |
| Eldiv. skógarvarðar | 93 " | |
| Leyft högg ( eldiv. ) | 71 1/2 " | 298 1/2 " |
| Birgðir í árslok | | 232 hestb. |

Í ársbyrjun voru til 2 klafaefni, 2 klyfberabogaefni. Á árinu hefir verið höggvið 9 klyfberabogaefni, 98 raftar og girðingarstólpar. Af þessu hefir verið selt og afhent á árinu: 8 klyfberabogar, 48 raftar og stóplar og euk þess seldur efniviður fyrir kr. o.86.

Af skógarafurðum eru nú til: 2 klafaefni, 3 kyfberabogar og 5o raftar og girðingarstólpar. Allar þær skógarafurðir, sem seldar hafa verið, eru úr skógarhluta I, en af þeim 232 h. brenni sem til eru, eru 45 h. í skóghluta IV.

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

| | | |
|---|---|---|
| Birki | 515 | stk. |
| Reynir | 1o5 | - |
| Fjallafura | 275 | - |
| Alls | 895 | stk. |

Af þessum plöntum voru afhentar án endurgjalds 4o7 birkiplöntur.
Í árbyrjun voru til 15 pd. birifræ, og var því sáð í græðireitinn í vor. Í ársbyrjun voru til 4o pd. reyniviðarfræ og í haust fékk ég á Skriðu 35 pd. Af þessu hefi ég sent skógræktarstjóra 55 pd. en sáð í græðireitinn 2o pd.
Alls voru teknar upp og plantaðar aftur í græðireitnum 244o reyniplöntum, 1oo12 birkiplöntur og 1o824 fjallafuruplöntur, samtals 23.276 stk.

Ý m i s l e g t:

Á Grund voru plantaðar 99o fjallafuruplöntur og 438 lerkiplöntur. En um leið var hlúð að gömlu plöntunum eftir því sem hægt var og skorið úr holubökkunum þar sem þeir skyggðu um og á plönturnar, eða sina hafði lagst yfir þær.

Vöglum 7. jan. 1913.

Stefán Kristjánsson.